


Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.
Nanna Magnúsdóttir, forstöðumaður,
Skúlagötu 21,
101 Reykjavík.
uua@uua.is



Reykjavík, 27. desember 2017.

Málefni: Kæra eigenda jarðarinnar Selskarðs vegna framkvæmdaleyfis fulltrúa Garðabæjar til Landsnets hf vegna framkvæmda við Lyklafellslínu á eignarlandi Selskarðs.

Hér með vísum við í framkvæmdaleyfi gefið út af Garðabæ 7. desember 2017, fyrir Lyklafellslínu innan lögsögu Garðabæjar, eins og framkvæmdum hennar er lýst í umsókn um framkvæmdaleyfi, greinargerð og matsskýrslu. Með framkvæmdaleyfi er ætlunin að veita heimild til framkvæmda vegna Lyklafellslínu yfir eignarland jarðarinnar Selskarð án þess að löglegir eigendur Selskarðs séu nokkuð hafðir með í ráðum með framkvæmdir á eign sinni.

Við vísum í fund undirritaðra með fulltrúum Landsnets hf 19. október 2017 þar sem þeim var gerð ítarleg grein fyrir löglegum eignarréttindum jarðarinnar Selskarðs á landi því þar sem til stendur að byggja Lyklafellslínu og að þeir hafi ekki umboð eða heimildir til framkvæmda þar þó svo að þeir fái eitthvert framkvæmdaleyfi frá sveitarfélagi. Engir samningar hafa verið gerðir um nýtingu.

Fulltrúar Garðabæjar hafa áður gefið út framkvæmdaleyfi á eign jarðarinnar Selskarðs án heimilda og er þá vísað í framkvæmdaleyfi, dags. 7. apríl 2009. Það framkvæmdaleyfi var kært til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála með bréfi, dags. 24. apríl 2009 sem við vísum til.

Vísað er í úrskurð Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í máli nr. 28/2009 Álftanesvegur, dags. 16. júní 2009. Vegagerð ríkisins og sveitarfélagið Garðabær tóku ekkert tillit til þessa úrskurðar og hundsúðu hann algjörlega þó svo að ítrekað hefði verið vakin athygli þeirra á úrskurðinum og tilvitnuðum lögum.

Vísað er í eftirfarandi lög og reglugerð:

1. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997
2. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sérstaklega 9. kafla, lokamálslið 9.1 gr.
3. Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, 72. gr.
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, 1. gr. 1. viðauka og 14. gr. sama sáttmála.
5. Stjórnsýslulög nr. 37/1993, ekki síst 12. gr. um meðalhóf.

Segja má að málið 2009 sé nánast alveg eins og málið sem nú er kært nema það að nú er um raflínu að ræða en áður var um veg að ræða.

Upplýsa má, að hvað varðar eignarrétt jarðarinnar Selskarðs, sem staðfestur hefur verið hjá dómstólum, þá hefur hann verið viðurkenndur ennfrekar ef eitthvað er og er þar vísað í meðfylgjandi bréf eigenda Selskarðs til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2015. Í framhaldi af því og viðræðum við ráðuneytið, felldi ráðuneytið úr gildi auglýsingu um náttúruvættið Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár í Garðabæ, nr. 511/2014, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 2. júní 2014 og hefur því friðlýsing þar á landi Selskarðs verið gerð ógild, samkvæmt auglýsingu, dags. 25. apríl 2016 í stjórnartíðindum. Afturköllun þessi á friðlýsingu er á óskiptri lóð Garðakirkju sem jörðin Selskarð er tiltölulegur eigandi að og þar sem til stendur að byggja svo nefnda Lyklafellslínu.

Við vísum til viðbótar í meðfylgjandi 8 skjöl.

Ennfremur er vísað í meðfylgjandi tölvubréf Skipulagsstjóra Garðabæjar, dags. 21. desember 2017.

Vísað er í bréf til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 1. ágúst 2017 en Hafnarfjarðarbær hafði gefið út framkvæmdaleyfi á eignarréttindum jarðarinnar Selskarðs 21. júní 2017. Eigendur Selskarðs voru í sumarfrí á þessum tíma, fór útgáfa leyfisins því framhá þeim og gátu þeir ekki kært leyfið tímanlega. Hafnarfjarðarbær var þó vel ljóst um eignarréttindi jarðarinnar Selskarðs á því svæði sem framkvæmdaleyfið fjallaði um því mörg erindi hafa verið send til Hafnarfjarðarbæjar um málið svo er því til staðfestingar dómur og þinglýst eignarréttarskjöl. Við lítum svo á að framkvæmdaleyfið sé því ógilt og teljum við að úrskurðarnefndin geti verið sammála okkur um það. Um er að ræða sama landið, svo nefnt Garðakirkjuland, í sambandi við Hafnarfjörð og Garðabæ. Garðabær tilkynnir okkur um framkvæmdaleyfið, sbr. meðfylgjandi tölvubréf, dags. 21. desember 2017 en Hafnarfjarðarbær lét ekkert vita um framkvæmdaleyfið.

Að öllu framangreindu er ljóst að útgefið framkvæmdaleyfi, fyrir raflínulögn þvert yfir óskipt land, þar sem jörðin Selskarð er eignaraðili, dags. 7. desember 2017, má ekki öðlast gildi eins og staða mála er.


Við vísum í stjórnarskrárvarinn eignarrétt jarðarinnar Selskarðs, sem er friðhelgur, en það er framkvæmdaleyfið hins vegar ekki og að grundvallarréttur jarðarinnar Selskarðs er fyrr í tíma heldur en bæði Garðabær og Landsnet og öðlast því meiri rétt og gengur framur lögum.

Allir sem koma að þessu máli og að því áreiti sem hér fer fram virðast vera við það á fullum launum hjá opinberum aðilum. Við förum því fram á það að úrskurðarnefndin meti okkur fullt endurgjald fyrir vinnu okkar við málið eftir nánara samkomulagi við undirritaða og að jafnræði og mannréttindi séu virt.


Ef upplýsingar og skýringar vantar þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Hér með er farið fram á það að framkvæmdaleyfi þetta verði felld úr gildi og að séð verði til þess, að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni. Þar sem miklir hagsmunir eru í húfi er óskað eftir flýtimeðferð á málinu hjá nefndinni.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd eigenda lögbýlisins og jarðarinnar Selskarðs



Jón Lárusson,
Kleppsvegi 18, 105 Reykjavík, s. 888 9212.
jonsi1950@hotmail.com



Björn Erlendsson,
Aðallandi 15, 108 Reykjavík, s. 553 1721.
bjorn.erlends@gmail.com

Meðfylgjandi:

1. Upplýsingar um eignarrétt jarðarinnar Selskarðs.
2. Beitarréttur Selskarðs í Garðakirkjulandi. Lög um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952 o.fl.
3. Greinargerð um ítök þjóðkirkjunnar m.a. í Garðakirkjulandi og um leið ítök kirkjujarðarinnar Selskarðs, dags. desember 2006

4. Merki á landi Garðakirkju á Álptanesi, samkvæmt máldögum og fornum skjölum.
5. Samningur um jörðina Selskarð 29. maí 1912.
6. Lög um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar 22. október 1912.
7. Samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 22. október 1912, um sölu á eign Garðakirkju, af kaupstaðarsvæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar. Samningur 30. ágúst 1913. Skilyrði að jörðin Selskarð eigi beitarrétt svo sem verið hefur í hinni seldu lóð.
8. Gestaréttar Reykjavíkur miðvikudaginn 29. desember 1920. Dómurinn staðfestir eignarrétt kirkjujarðarinnar Selskarðs í Garðakirkjulandi.
9. Bréf eigenda Selskarðs til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2015.
10. Bréf til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, dags. 1. ágúst 2017.

Arinbjörn Vilhjálmsson Arinbjorn@gardabaer.is

Framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu

To Björn Erlendsson' <bjorn.erlends@gmail.com>

Tölvubréf Skipulagsstjóra Garðabæjar, dags. 21. desember 2017 til fulltrúa eigenda jarðarinnar Selskarðs.

1. Útgáfud.: 21. desember 2017

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis - Garðabær

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 7. desember sl. umsókn Landsnets, kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, Reykjavík, um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu innan lögsögu Garðabæjar, eins og framkvæmdum hennar er lýst í umsókn um framkvæmdaleyfi, greinargerð og matsskýrslu.

Afgreiðsla bæjarstjórnar Garðabæjar var með eftirfarandi hætti:

„Með bréfi, dags. 29. desember 2016 sótti Landsnet hf. um framkvæmdaleyfi innan lögsögu Garðabæjar fyrir byggingu Lyklafellslínu. Um er að ræða byggingu háspennulínu 220/400 kV frá Lyklafelli í Mosfellsbæ að Hamranesi í Hafnarfirði. Á móti verða fjarlægðar Hamraneslína 1 og 2, sem liggja frá Geithálsi um Heiðmörk að Hamranesi og Ísallína 1 og 2, frá tengivirki við Hamranes að álverinu.

Í umsókninni er vísað til 13. og 14. gr. skipulagлага nr. 123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Umrædd framkvæmd er matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er fyrirbyggjandi álit Skipulagstofnunar, dags. 17. september 2009 ásamt matsskýrslu Landsnets, dags. 10. ágúst 2009. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Garðabæjar.

Í málinu liggja fyrir eftirfarandi gögn:

Umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi, dags. 29. desember 2016.

Matsskýrsla frá 10. ágúst 2009.

Álit Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2009.

Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, dags. 9. júní 2017.

Skýrsla Eflu - lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags. í des. 2016.

Skýrsla Landsnets frá febrúar 2017 - fyrirhugaðar framkvæmdir við breytingar 2017-2019 á

flutningskerfi við höfuðborgarsvæði.
Skýrsla Eflu um áhættumat vegna vatnsverndar.

Fulltrúar Landsnets hafa kynnt fyrirhugðar framkvæmdir á sameignlegum fundi skipulagsnefndar og umhverfisnefndar sem haldinn var fimmtudaginn 5. október sl. Við kynningu og umfjöllun um málið hefur verið farið yfir áhrif framkvæmdanna á vatnvernd og í starfsleyfi heilbrigðisnefndar eru sett skilyrði um verklag og mengunavarnir. Þá hefur einnig farið fram umræða um möguleika á að leggja jarðstreng en fyrir liggur umsögn Umhverfisstofnunar um að stofnunin sé ekki hlynnt lagningu jarðstrengja í hraunum. Í því sambandi er m.a. bent á að loflínur eru afturkræfari framkvæmdir í hraunum en jarðstrengir sbr. áætlanir um niðurrif Hamraneslínu 1 og 2. Það mat liggur einnig fyrir að lagning jarðstrengs er ekki ásættaleg lausn á þessu svæði m.t.t. hagsmuna vatnsverndar.

Þá var haldinn opin fundur í Sjúklandsskóla þriðjudaginn 21. nóvember 2017 þar sem fulltrúar Landsnets hf. kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir við Lyklafellslína ásamt því sem fulltrúar Náttúrverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina kynntu sjónarmið sín og athugasemdir vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við Lyklafellslínu.

Bæjarstjórn samþykkir með vísan til 13. og 14. gr. skipulagslaga, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 að Landsneti hf. verði veitt framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu innan lögsögu Garðabæjar enda verði framkvæmdin eins og lýst er í framkvæmdaleyfisumsókn, fylgi- og hönnunargögnum, og matskýrslu. Lögð er áhersla á að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og framkvæmdaleyfið bundið skilyrðum sem fram koma í matskýrslu Landsnets, áliti Skipulagsstofnunar, leyfi Umhverfisstofnunar og starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Bæjarstjórn bendir á að með lagningu Lyklafellsínu mun Landsnet í framhaldinu sækja um að fjarlægja háspennulínur er liggja um Heiðmörk með þeim áhrifum að háspennulínur færast fjær útivistarsvæðum og mun möstrum í landi Garðabæjar fækka verulega.

Bæjarstjórn er kunnugt um við afgreiðslu málsins að framkvæmdaleyfi sem bæði Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær hafa samþykkt fyrir lagningu Lyklafellslínu hafa verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún telji það í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að umdeild mál meðal íbúa landsins eins og lagning Lyklafellslínu sæti kærui og fái málsmeðferð og endanlega niðurstöðu með úrskurði æðra stjórnvalds.“

Framkvæmdaleyfið sem gefið var út 18. desember 2017, ásamt fylgigögnum er aðgengilegt á vef Garðabæjar, gardabaer.is. Matsskýrsla frá 10. ágúst 2009 og álit Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2009 eru aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, skipulag.is.

Vakin er athygli á að niðurstaða bæjarstjórnar er kærui til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Skipulagsstjóri Garðabæjar.